

Fundur 1. nóv. 2020

Mætt: Eva, Grétar, Ólöf, Sonja, Valdimar, Unnur (ritar).

1. Samþykkt að hafa árlegan styrk vegna ferðar 7. bekkjar í Vatnaskóg 1500 kr. í þetta sinn í stað 1000 kr., af því ekki var hægt að halda árlega fjáröflun barnanna fyrir ferðina í þetta sinn vegna Covid-19.
2. Unnur staðfestir að skráning sannra eigenda félagsins sé uppfærð hjá Ríkisskattstjóra.
3. Bekkjarfulltrúalisti hefur verið uppfærður með nýjustu upplýsingum. Enn vantar nokkra fulltrúa, Unnur ræðir við Ástu Steinu um bestu leið áfram með málið í ljósi stöðunnar.
4. Greiðsluseðlar vegna árgjalds eru í vinnslu, listar komnir, Valdi og Grétar fara í að klára.
5. Endurgreiðsla Mosfellsbæjar vegna fræðslukvölda síðasta vetur - Valdi er að vinna í málinu.
6. Stjórnutjald fyrir 6. bekk - Ekki komið svör frá skólanum, líklega af því þau sjá ekki fyrir sér að verði hægt að taka tjaldið inn á haustmisseri sökum Covid. Samþykkt að Sonja bóki tjaldið fyrir vorönn. Ef það gengur ekki heldur verður það fengið fyrir 6. og 7. bekk á næsta ári svo enginn missi af.
7. Kaffihúsakvöld fyrir unglunga í nóvember - Skoða að hafa það alfarið rafænt. Efni rætt á fundi með skólanum og smáatriði ákveðin á næsta fundi FFLS.
8. Samþykkt að fresta rafrænni kynningu fyrir bekkjarfulltrúa frá Heimili og skóla, því sökum aðstæðna er mjög lítil breyting á bekkjarfulltrúum og kynning var haldin í fyrra.
9. Átak í að fá foreldra til að líka við FB-síðu félagsins - Samþykkt að vera dugleg að pósta áhugaverðu og gagnlegu efni í hópinn.
10. Samþykkt að setja fyrirhugað fréttabréf félagsins á Ís á meðan ríkir svo mikil óvissa um viðburðahald o.fl.
11. Sonja hefur samband við nemendafélag Lágafellsskóla - Óska eftir að þau ræði hvað þau vilja að FFLS geri fyrir unglíngastigið.
12. Hugmyndir fyrir starfsáætlun vetrarins
 - a. Fjarbingó
 - b. Rafrænt uppistand
13. Efni fyrir fund með skólastjórnendum.
 - a. Hvernig getur FFLS best stutt við skólann í þessu skrítna ástandi?
 - b. Skoða hvernig við styrkjum hvert stig - Borðtennis? Fúsból? Aðrar hugmyndir frá nemendafélagi?
 - c. Fjölskyldur af erlendum uppruna - Upplýsingar á öðrum tungumálum.
 - d. Forgangsröðun tölvupósta frá skóla til foreldra í Covid-ástandi svo mikilvægar upplýsingar komist til skila. Sleppa t.d. mætingarpóstum?
 - e. Hjólafærni á vorönn.
14. FFLS fundar næst eftir fund með skólanum.
 - a. Fyrirlestur frá Láru G. Sigurðar um t.d. nikótín púða, áfengi o.s.frv. Opið aðgengi inni í verkfærakistu menntastefnu Reykjavíkurborgar. Uppistand á eftir til að trekkja að?
 - b. The Daily Mile

Fundi slitið.